

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

nefnasvid@althingi.is

10. mars 2014

Efni: **Umsögn um þingskjal 279, - Frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkflugvelli**

Ágætu nefndarmenn.

Í kjölfar auglýsingar borgarstjórnar Reykjavíkur um tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 tilkynntu samtökin Hjartað í Vatnsmýri 16. ágúst 2013 að þau myndu beita sér fyrir undirskriftasöfnun þar sem öllum landsmönnum verði gefinn kostur á að tjá afstöðu sína til Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýri. Áskorunin var eftirfarandi:

"Við leggjumst gegn þeim áformum að flugvallarstarfsemi víki úr Vatnsmýri, og skorum á Reykjavíkurborg og Alþingi að tryggja öllum landsmönnum óskerta flugstarfsemi í Vatnsmýri til framtíðar."

Aðeins fimm vikum síðar, 20. september 2013, afhentu formenn samtakanna borgarstjóra undirskriftir samtals **69.637** landsmanna undir þessa áskorun, sem er stærsta undirskriftasöfnun á Íslandi. Í frétt Morgunblaðsins daginn eftir er haft eftir borgarstjóra *"að málefnalega yrði tekið á áskoruninni en að hann hefði engu að síður búið við fleiri undirskriftum."* Hjá Reykjavíkurborg var þetta síðan skráð og birt sem **ein** athugasemd við tillögu hennar að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Fjöldi skoðanakannanna undanfarin ár hafa ítrekað staðfest, að afgerandi meiri hluti landsmanna, þar á meðal íbúar Reykjavíkur, vilja áfram hafa óskerta flugstarfsemi á Reykjavíkflugvelli í Vatnsmýri. Stjórnendur borgarinnar, meiri hluti borgarfulltrúa jafnt og ýmsir embættismenn, virðast alfarið vilja líta framhjá slíkum vísbendingum, og halda óbreytt áfram markvissum aðgerðum sínum við að þrengja sem mest að flugvellinum með öllum ráðum, og með það augljósa endanlega markmið sitt í huga að honum verði lokað. Furðu sætir, að þeir skuli ekki átta sig á lykilorðingu þessa merka mannvirkis í samgöngum til og frá höfuðborg Íslands.

Því er rétt að rifja upp þýðingarmikið og fjölbætt hlutverk Reykjavíkurflugvallar:

- * **Miðstöð innanlandsflugs**, sem er einn mikilvægasti, hagkvæmasti og öruggasti tengiliður höfuðborgarinnar við landsbyggðina. Að meðaltali eru um 4% farþega áætlunarflugsins á ferð til höfuðborgarinnar vegna læknisþjónustu.
- * **Áfangastaður sjúkraflugs** til eina hátækni- og háskólasjúkrahúss Íslands. Árlega eru um 650 fársjúkir eða stórslasaðir fluttir með sérstöku sjúkraflugi til Reykjavíkur, og þá er nálægð flugvallarins við Landspítalann lykilatriði. Um helmingur slíkra fluga er skilgreindur sem forgangsflug, þ.e. keppt er við að koma sjúklingi sem allra fyrst til áfangastaðar. Um 550 eru árlega fluttir með hraðfleygum og sérbúnum sjúkraflugvélum Mýflugs, en um 100 með björgunarþrylurum Landhelgisgæslunnar.
- * **Miðstöð eftirlits- leitar- og björgunarflugs** Landhelgisgæslu Íslands, og annars öryggisflugs í þágu íslenskra almannavarna.
- * **Miðstöð kennslu- og þjálfunarflugs**, sem hefur afgerandi þýðingu fyrir framtíðarþróun íslenskrar flugrekstrar- og ferðaþjónustu.
- * **Þýðingarmikill varaflugvöllur** fyrir meiri hluta þess áætlunarflugs, sem fer um Keflavíkurflugvöll.
- * **Verðmætur vinnustaður** fjölda starfsmanna á höfuðborgarsvæðinu.

Með ofangreint í huga fagna samtökin Hjartað í Vatnsmýri fram komnu frumvarpi til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflugvelli (þingskjal 279), og mæla eindregið með samþykkt þess.

Minnt er á, að "*með hliðsjón af langtímahagsmunum þjóðarinnar vegna flugsamgangna*" um Keflavíkurflugvöll eru skipulagsmál hans alfarið í höndum sérstakrar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, sbr. lög nr. 76/2008 og starfsreglur fyrir skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar nr. 1086/2008.

Sams konar og engu síðri langtímahagsmunir þjóðarinnar eru að sjálfsögðu einnig til staðar og tengdir framtíðarrekstri núverandi Reykjavíkurflugvallar með þremur flugbrautum, sbr. þau margþættu hlutverk, sem hann nú sinnir, m.a. sem miðstöð íslensks innanlandsflugs. Því er fullkomlega eðlilegt að yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála hans verði hagað með svipuðum hætti.

Í 2. og 3. grein frumvarpsins eru tilgreind viss hlutverk "*ráðherra*", án þess að þar, eða í greinargerð frumvarpsins, komi fram við hvaða ráðherra sé átt. Samkvæmt 3. grein skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, fer umhverfis- og auðlindaráðherra "*með yfirstjórn skipulagsmála*" samkvæmt þeim lögum. Væntanlega væri því rétt, að í frumvarpinu komi fram að í 2. og 3. grein sé átt við þann ráðherra, eða að tilgreint verði að um sé að ræða "*ráðherra, sem fer með skipulagsmál*".

Virðingarfyllt

fyrir hönd samtakanna Hjartað í Vatnsmýri

Friðrik Pálsson

Njáll Trausti Friðbertsson